



# Snæfellsbær



**Þar sem Jökullinn ber við loft...**  
Where the glacier meets the sky...



**Snæfellsbær var stofnaður með sameiningu fjögurra sveitarfélaga árið 1994. Frá sameiningu hefur sveitarfélagið þróast og dafnað og helstu atvinnuvegir, sjávarútvegur, landbúnaðar og ferðaþjónusta, hafa blómstrað. Styrkum stoðum hefur verið rennt undir menntun með öflugum skólakerfi, þar sem áttahagafræði er hluti af námsefninu. Í Framhaldsskóla Snæfellinga í Grundarfirði er svo lagður grunnur að framhaldsnámi. Umhverfismál hafa verið sett í forgang allt frá árinu 1998 og Snæfellsbær er hluti af samfélagi\* sem fyrst hlaut umhverfissvottun á Íslandi.**


\* Öll sveitarfélög á Snæfellsnesi svo og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. All the municipalities on Snæfellsnes Peninsula, as well as Snæfellsjökull National Park.

Snæfellsbær was established with the merging of four municipalities in 1994. Since then Snæfellsbær has continued to evolve, and the major industries, fisheries, farming and tourism have flourished. Education has been reinforced through an ever-developing educational system, with emphasis on local and regional history. The foundation for further education can be gained at The Snæfellsnes Comprehensive Upper Secondary School in Grundarfjörður. Environmental issues have been a priority since 1998 and Snæfellsbær is part of the first community\* in Iceland to achieve eco-certification.

### ***Bæjarstjórn Snæfellsbæjar***

The Local Government of Snæfellsbær






Áhersla Snæfellsbæjar á umhverfismál hófst árið 1998 með vinnu að Staðardagskrá 21. Árið 2000 veitti Umhverfisstofnun Snæfellsbæ verðlaun fyrir að vera fyrst allra sveitarfélaga á Íslandi til að ljúka þeim áfanga. Árið 2003 hóf Snæfellsbær svo umhverfissvottunarferli Earth-Check. Eftir nokkra áfangasigra hlutu sveitarfélögin á Snæfellsnesi síðan umhverfissvottun árið 2008, fyrst allra sveitarfélaga á norðurhveli jarðar. Árið 2014 var Snæfellsnes valið einn af 100 grænustu áfangastöðum heims, samkvæmt lista samtakanna Green Destination, í verkefni sem kallast Global Top 100.

Snæfellsbær started working on Local Agenda 21 in 1998, and completed the process in 2000, receiving recognition from the Ministry for the Environment for being the first municipality in Iceland to do so. In 2003, Snæfellsbær entered the EarthCheck certification process. Having been benchmarked several times, the municipalities on Snæfellsnes Peninsula became the first community in the Northern Hemisphere to receive full certification in 2008. Snæfellsnes Peninsula was rated in 2014 by Green Destination as being one of the 100 greenest destinations in the world, in a project called Global Top 100.





„Snæfellsjökull er einstök eldstöð, keilulaga hvaðan sem á hann er lítið, og ómótstæðilega fagur.“

“Snæfellsjökull is a unique volcano, cone shaped from every angle, and disarmingly beautiful.”

Haraldur Sigurðsson,  
eldfjallafræðingur volcanologist



Fiskveiðar hafa verið stór þáttur í atvinnulífinu á Snæfellsnesi, allt frá því land byggðist. Til forna voru útgerðarstaðirnir dreifðir um allt utanvert Snæfellsnes og má víða sjá minjar um fornar verstöðvar. Einna þekktastar voru verstöðvarnar við Gufuskála og í Dritvík. Við Djúpalón, á leið til Dritvíkur, er enn að finna steinatökin sem menn þurftu að valda til að tryggja sér pláss á bátum hér áður fyrr. Það gerðu bara afreksmenn því sá þyngsti er 154 kg. Í dag starfa mörg öflug útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Snæfellsbæ og hafnir eru á Rifi, í Ólafsvík og á Arnarstapa. Sem fyrr er skammt að sækja á einhver gjöfulustu fiskimið við Íslandsstrendur.

The fishing industry has been a major part of the economy on Snæfellsnes Peninsula ever since the settlement of Iceland. In the past, fishing stations were scattered around the tip of the peninsula. The best known ones were at Gufuskálar and in Dritvík. At Djúpalón, on the way to Dritvík, the Lifting Stones, which men had to lift in order to secure themselves places on the fishing boats, are a testament to the old station. Quite a feat, as the heaviest one weighs 154 kg. Nowadays there are several successful fishing enterprises and processing plants in Snæfellsbær, and the harbors are at Rif, Ólafsvík and Arnarstapi. As in times before, there is no need to go far out to sea in order to find some of Iceland's richest fishing grounds.






Ferðapjónusta í Snæfellsbæ hefur á undanförunum áratugum vaxið mjög sem atvinnugrein. Ferðamenn sækja í stórbrotna náttúru, hinn ægifagra Snæfellsjökul, í gönguferðir um hin víðfedmu hraun og ýmsar eldstöðvar, í magnaða strandlengjuna þar sem skiptast á þverhnípt björg og strandir ýmist með svörtum og gráum steinum eða ljósum sandi. Eftirsótt er líka að skoða ýmsar minjar í nágrenni Gufuskála, minjar um útgerð við Djúpalón og Dritvík og hina ýmsu hella í kringum Jökulinn.

Tourism in Snæfellsbær has in recent decades become a fast growing industry. Tourists are attracted to the beauty of the nature, the strikingly beautiful Snæfellsjökull Glacier, hiking tours through lava fields and volcanic areas, and the magnificent coastline which is alternately adorned with high cliffs or beaches with black and grey rocks or golden sand. Other attractions are the relics at Gufuskalar, and the old fishing stations at Djúpalón and Dritvík, and caves around the Glacier.





Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001 og nær yfir um 170 km<sup>2</sup> svæði innan marka Snæfellsbæjar. Miðja hans og eitt helsta aðdráttarafl er sjálfur Snæfellsjökull, en þjóðgarðurinn er sá eini á landinu sem nær að sjó. Auk stórbrotins landslags og hella eins og Vatnshellis, Sönghellis og Vegmannahellis er þar að finna minjar um búsetu og verbúðir fyrri alda, sögusvið Bárðar sögu Snæfellsáss og kennileiti sem tengjast henni. Margar merktar gönguleiðir liggja um þjóðgarðinn og er hægt að finna upplýsingar um þær og margt fleira í Gestastofu hans, sem opin er allt árið.

Snæfellsjökull National Park was established on June 28, 2001 and covers about 170 km<sup>2</sup> within the municipality of Snæfellsbær. Its center and main attraction is the Snæfellsjökull Glacier, and the fact that it is the only National Park in Iceland with coastal boundaries. Magnificent landscape, caves, such as Vatnshellir, Sönghellir and Vegmannahellir, attract tourists all year around, as well as relics of old farms and fishing stations of the past. The area is also the main scene of the Saga of Bárður as many place names show. There are many hiking trails in the National Park and maps of them, as well as other information, can be obtained at the Park's Visitor Center, which is open all year round.







Fuglalíf er afar fjölbreytt í Snæfellsbæ og hefur eitt stærsta kríuvarp landsins, og þótt víðar væri leitað, lengi verið á svæðinu milli Hellissands og Rifs. Víða í Snæfellsbæ er kjöraðstaða til fuglaskoðunar og við Rif hefur verið komið upp sérstöku fuglaskoðunarskýli. Meðfram strandlengju Snæfellsbæjar, svo sem í Staðarsveit, á Hellnum, Malarrifi og Öndverðarnesi sést oft til sela, háhyrninga og annarra hvalategunda. Einu villtu landdýrin eru refir, sem voru hér þegar land byggðist, og minkar, en sá stofn á rætur sínar að rekja til dýra sem voru flutt inn til landsins um miðja síðustu öld.

Snæfellsbær is a haven for bird lovers and has one of the largest nesting colonies of Arctic Terns in the country, and even further afield, situated between Hellissandur and Rif. Many places in Snæfellsbær provide a haven for birdwatchers, and at Rif there is a special observation shelter. From various places along the coast, such as in Staðarsveit, at Hellnar, Malarrif and Öndverðarnes, one can often spot seals and killer whales, as well as smaller whales. The only wild land mammals are foxes, which were here when the country was settled, and mink, which was imported to the country around the middle of last century.



Í dreifbýli Snæfellsbæjar, einkum í bæjarfélaginu sunnanverðu er stundaður þó nokkur landbúnaður. Þar er að finna stór mjólkurbú, bæði í Breiðuvík og Staðarsveit sem nýta sér fullkornustu tækni við búreksturinn. Nokkrir bændur stunda byggrækt, en byggið er notað sem fóður. Auk kúabúskapar eru einnig nokkuð mörg fjárbú í dreifbýli Snæfellsbæjar.

Farming is one of the main industries in the rural areas of the municipality, especially in the southern part. There are big dairy farms both in Breiðuvík and in Staðarsveit, which utilize the latest technology in the industry. A few of the farmers grow barley, which is used as fodder. In addition to the dairy farms, there are several sheep farms in the rural part of Snæfellsbær.



Fjöldi fyrirtækja veitir íbúum Snæfellsbæjar og ferðamönnum sem þangað koma þjónustu. Þar er að finna matvöruverslanir, apótek, blómabúð, banka, pósthús, vínbúð, bakarí, bensinstöðvar og ýmis þjónustufyrirtæki fyrir fiskiskipaflotann. Einnig er í Ólafsvík heilsugæslustöð með lækni, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfara og tannlækni. Með auknum fjölda ferðamanna hefur hótélum, gistiheimilum, veitingastöðum og kaffihúsum einnig fjölgað, þótt sum þeirra þjónustufyrirtækja séu einungis opin ákveðinn hluta úr ári.

Quite a few companies provide service to the people of Snæfellsbær, as well as to the tourists who visit. There are supermarkets, a pharmacy, a florist, a bank, a post office, a liquor store, a bakery, gas stations and various service providers for the fishing fleet. The Health Care Center in Ólafsvík has a resident doctor, nurses, a physiotherapist and a dentist. With the increase in tourism, the number of hotels, guesthouses, restaurants and cafés has grown, although some of these services are only open for part of the year.





Lögð er áhersla á metnaðarfullt og lifandi skólastarf í Snæfellsbæ, meðal annars með áttthagafræði. Í sveitarfélaginu er einn grunn-skóli með þrjár starfsstöðvar, í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli en sú síðastnefnda þjónar börnum í dreifbýlinu. Einnig er leikskóli í sveitarfélaginu, með tvær starfsstöðvar, Krúiból á Hellissandi og Krílakot í Ólafsvík. Leikskólasel er starfrækt í tengslum við skólann á Lýsuhóli. Skólinn á Lýsuhóli var frumkvöðull í umhverfisstarfi innan skólanna og fyrstur til að fá Grænfánavottun. Í dag eru allir skólar sveitarfélagsins með Grænfánavottun og innan þeirra er unnið öflugt umhverfisstarf.

Snæfellsbær has an ambitious and active educational system, with emphasis on local and regional history. The elementary/middle school is operated in three places, in Ólafsvík, Hellissandur and at Lýsuhóll, which serves the rural area. Snæfellsbær also has one play school, operated in two different locations, Krúiból at Hellissandur and Krílakot at Ólafsvík. A small play school section is also operated at Lýsuhóll. The Lýsuhóll school is a pioneer in sustainable education, and was the first to attain Green Flag certification. Today all the schools within the municipality have Green Flag certification and continue to work towards a more sustainable future.





Á undanförunum áratugum hefur íþróttalíf eflst mikið í Snæfellsbæ. Má meðal annars rekja aukinn áhuga til nýlegs íþróttahúss í Ólafsvík og endurbættar aðstöðu við sundlaugina þar. Knattspyrnulið mfl. Víkings, bæði í karla- og kvennaflokki, hafa náð góðum árangri, en öflugt unglíngastarf hefur skilað íþróttamönnum inn í landslið í nokkrum íþróttagreinum. Yngsta fólkið stundar fjölbreyttar íþróttir af kappi, eldra fólkið stundar sundleikfimi og fleiri tómstundir og þeir allra hörðustu stunda sjósund í Atlantshafinu.

All sports activity has flourished in recent decades in Snæfellsbær. This increased interest can be attributed to the relatively new sports hall in Ólafsvík and the improved facilities at the swimming pool. The Víkingur Soccer Team, with both male and female divisions in the championship league, has done well, and greater youth participation in sports has contributed to some individuals making the national team in their respective fields. The youngest school children enthusiastically practice various sports, the senior citizens enjoy water aerobics, and the tough ones swim in the Atlantic Ocean.





Íbúar Snæfellsbæjar eru duglegir við að gera sér glaðan dag og leika sér, sama á hvaða aldri þeir eru. Sundíþróttin er í heiðri höfð og ungir sem aldnir njóta þess að sundlaugar eru í Ólafsvík og á Lýsuhóli, en þar er mjög vinsæl náttúru-laug. Hjólreiðar og hjólreiðakeppnir, göngu-ferðir, þorrablot, dansleikir, kórastarf og ýmis konar félagsstarfsemi blómstrar, með virkri þátttöku þeirra sem í bæjarfélaginu búa. Hið vinsæla Snæfellsjökulhlaup, krefjandi og skemmtilegt hlaup yfir Jökulháls frá Arnarstapa yfir í Ólafsvík, er alltaf haldið fyrstu helgina í júlí. Í Snæfellsbæ er jafnframt rekið atvinnumannaleikhús í Frystiklefanum á Rífi og þar eru reglulega settar upp nýjar sýningar sem laða til sín áhorfendur víða að.

People in Snæfellsbær, at any age, love to enjoy playful leisure activities. Swimming is one of the most common activities, enjoyed by both young and old at the swimming pool in Ólafsvík and the popular natural thermal pool at Lýsuhóll. Cycling and cycling tournaments, hiking, Midwinter festivities, dances, choir singing and other activities flourish, with active participation by the locals. The popular Snæfellsjökull running race, a most challenging race across Jökulháls from Arnarstapi to Ólafsvík, is run annually on the first weekend in July. Snæfellsbær is proud to have a professional theatre The Freezer at Ríf, which regularly premieres new plays that attract audiences from far and wide.



Með landflutningum síðari ára, hafa margir einstaklingar frá Evrópu og öðrum löndum heims flutt til Snæfellsbæjar. Um það bil 20% íbúanna er af erlendum uppruna. Innflytjendur hafa aðlagð sig vel að nýjum kringumstæðum, en halda í heiðri ýmsu sem tengist menningarlegum uppruna þeirra, svo sem matreiðslu. Haldnar hafa verið fjölmenningshátíðir í Snæfellsbæ, þar sem erlendir innflytjendur kynna fyrir öðrum íbúum Snæfellsbæjar ýmislegt úr menningu sinni og bjóða þeim að smakka rétti frá heimalandinu.

With worldwide migration in recent years, many people from Europe and other parts of the world have moved to Snæfellsbær. Today almost 20% of the inhabitants are of foreign origin. The immigrants have adapted well to their new surroundings, but still stay true to some things from their own culture, such as their cuisine. A few multicultural festivities have been held in Snæfellsbær, where people share songs, dances and other cultural distinctions, and serve food from their homeland for others to taste.



Mikil hátíðarhöld eru árlega í Snæfellsbæ á Sjómannadaginn, sem haldinn er fyrsta sunnudag í júní. Í samfélagi þar sem sjómennska hefur alla tíð verið stunduð, blandast þau bæði trega vegna þeirra sem horfið hafa í hafið og gleði og stolti yfir þessari fornu atvinnugrein. Þjóðhátíðardagur Íslendinga, þann 17. júní, er jafnframt haldinn hátíðlegur. Fjallkona flytur ávarp og íslenski fáninn blaktir víða við hún. Á síðari árum hafa bæjarhátíðir bæst við önnur hátíðarhöld í sveitarfélaginu.

Snæfellsbær annually celebrates Seamen's Day on the first Sunday in June. In a municipality where fishing has always been part of people's lives, this day carries both sorrow for those who have been lost at sea and joy and pride for this ancient industry. Celebrations are also held on Iceland's National Day, the 17th of June with the Icelandic flag fluttering outside every home. In recent years, town festivals have become a popular addition to other festivities.





Innan Snæfellsbæjar eru þrjár stórir byggðakjarnar; Ólafsvík, Hellissandur og Rif. Ráðhús sveitarfélagsins er á Hellissandi og starfsmenn þar sjá um allan almennan rekstur bæjarfélagsins. Í bæjarstjórn Snæfellsbæjar sitja sjö bæjarfulltrúar, kjörnir á fjögurra ára fresti. Sveitarfélagið sér um alla almenna grunnþjónustu. Í Snæfellsbæ eru starfræktar björgunarsveitir, mannaðar sjálfbodaliðum, sem veita aðstoð í neyð.

There are three villages, Ólafsvík, Hellissandur and Rif, within the municipality of Snæfellsbær. The Snæfellsbær Town Hall is at Hellissandur, with a staff in charge of daily management. The municipality's council has seven board members, which are elected every fourth year. The municipality is in charge of all basic services. Rescue teams in Snæfellsbær, manned by volunteers, offer assistance in emergency situations.





Margar merkilegar og sérstæðar kirkjur prýða Snæfellsbæ, en flestir íbúar hans eru lúterstrúar. Í bæjarfélaginu norðan Jökuls er Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall, en sunnan Jökuls er Breiðuvíkur- og Staðarsveitarprestakall. Ein frægasta bók Nóbelskáldsins Halldórs Kiljan Laxnes heitir Kristnihald undir Jökli og er sögu svið hennar Hellnar og sveitin undir Jökli. Hann og fleiri rithöfundar hafa í gegnum tíðina sótt innblástur í orku Jökulsins, svo og listmálarar eins og Kjarval og margir aðrir.

Many unique and special churches grace Snæfellsbær, where most inhabitants are of the Lutheran faith. The Ólafsvík and Ingjaldshóls rectory are north of the Glacier, but south of the Glacier is Breiðuvík and Staðarsveit rectory. One of the best known books by Halldór Kiljan Laxnes, the Icelandic Nobel Prize Laureate, is called Under the Glacier, and the setting of the story is Hellnar and the area around the Glacier. He and many other writers as well as painters such as Kjarval and others have, through the years, sought inspiration in the energy field of the Glacier.





Seiðmaðurinn og sjáandinn Bárður Dumbsson kom frá Noregi til Íslands. Hann tók land í Dritvík og lagði þaðan í könnunarleiðangur með mönnum sínum og ákvað að nema land að Laugarbrekku á Hellnum. Meðan hann lét byggja hús sín hélt hann til í Sönghelli. Þegar Bárður vildi ekki lengur lifa meðal manna, segir sagan að hann hafi gengið í Jökulinn. Sökum mikilla krafta hans fór fólk að heita á hann og kalla Bárð Snæfellsás. Í hugum þess varð hann að verndara svæðisins og sú trú lifir enn. Skyggir aðilar telja Jökulinn ekki bara vera dvalarstað Bárðar, heldur eina af sjö orku-stöðvum Jarðar, það er að segja hjartastöðina.

The clairvoyant shaman Bárður son of Dumbur came from Norway to Iceland. He took land at Dritvík, set out to explore the area with his men and decided to claim land at Laugarbrekka at Hellnar. While his houses were built he dwelled in Sönghellir. When Bárður no longer wanted to live among men, the story says he walked into the Glacier. Because of his enormous powers people started praying to him, calling him Bárður Snæfellsás (ás meaning God). In their minds he became the guardian of the area and that belief still holds. Clairvoyant people consider the Glacier not only to be the dwelling place of Bárður, but also one of the seven energy centers of the Earth, namely the Heart Center.



Guðríður Þorbjarnardóttir, einn merkasti landkönnuður og ferðalangur miðalda, fæddist að Laugarbrekku á Hellnum nokkru fyrir árið 1000. Hún fluttist til Grænlands og hélt þaðan með eiginmanni sínum Þorfinni Karlsefni til landafunda í Ameríku og fæddi þar son þeirra Snorra. Þegar hún kom aftur til Íslands lét hún byggja kirkju að Glaumbæ í Skagafirði og ferðaðist til Rómar. Árið 2011 þáði Benedikt XVI páfi að gjöf eftirlíkingu af stytta sem Ásmundur Sveinsson gerði af Guðríði fyrir Heimssýninguna í New York árið 1938, sem tákni um að hún hefði verið fyrsta kristna konan til að fæða barn í Ameríku og áhrifamikil kona í útbreiðslu kristinnar trúar í norðurhluta Evrópu.

Guðríður Þorbjarnardóttir, one of the greatest explorers and travelers of the Middle Ages, was born at Laugarbrekka at Hellnar shortly before 1000 A.D. She moved to Greenland, from which she sailed with her husband Þorfinnur Karlsefni to explore America, where she gave birth to their son Snorri. Upon her return to Iceland she had a church built at Glaumbær in Skagafjörður and travelled to Rome. In 2011, Pope Benedict XVI accepted a gift of a replica of the statue of Guðríður, originally made by Ásmundur Sveinsson for the World's Fair in New York in 1938. Thus Guðríður was acknowledged as being the first Christian woman to give birth to a child in America. This also marked her significance as being an influential woman in spreading Christianity in the northern part of Europe.





Ísland Iceland

BREIÐAFJÖRÐUR

# SNÆFELLSBÆR



Snæfellsjökull  
Δ1446

Hellisandur

Rif

Ólafsvík

Fróða

Grundarfjörður

Lýsuhóll

Búðir

Búðavík

• Arnarstapi

• Hellnar

Malarrif

LÓNDRANGAR

FAXAFLÓI

Skarðsvík

Öndverðarnes

Beruvík

Dritvík

**Ljósmynd á forsiðu**  
Gunnar Ólafur Sigmarsson

**Aðrar ljósmyndir**  
Alfons Finnsson  
Björn Blöndal  
Gunnar Ólafur Sigmarsson  
Maríanna Friðjónsdóttir  
Ragnhildur Sigurðardóttir  
Sigurður Narfason  
Stefán Ingvar Guðmundsson  
Vera Pálsdóttir  
Ljósmyndari Vatikansins  
Ljósmyndasafn Snæfellsbæjar  
og Grunnskólanna í Snæfellsbæ o. fl.

**Hönnun og umbrot**  
Studio Arnar Freyr Guðmundsson,  
Birna Geirfinnsdóttir (with support  
from Yoshiko Jentczak)



**Svæði** Region  
**Kjördæmi** Constituency  
**Flatarmál** Area  
**Mannfjöldi** Population  
**Péttbýliskjarnar** Towns

**Póstnúmer** Postal Codes

**Vesturland** West Iceland  
**Norðvesturkjördæmi** Northwest  
688,8 km<sup>2</sup>  
1.691 (2014)  
**Hellissandur**  
**Rif**  
**Ólafsvík**  
355, 356, 360

